



Innsetningarræða  
Sveins Björnssonar  
í embætti forseta Íslands  
1. ágúst 1949

Ég þakka yður, herra hæstaréttarforseti, fyrir þær hlýju árnaðaróskir, sem þér færðuð mér. Og ég þakka stjórnmalaflokkunum og þjóðinni fyrir það traust, sem mér hefir verið sýnt með því að fela mér ennþá einu sinni þetta virðulega og vandasama starf.

Er taka þurfti ákvörðun um það, hvort ég yrði í kjöri við þessar forsetakosningar, var ég í nokkrum vanda staddur. Ég hafði þá nýlega orðið fyrir áfalli, hafði fengið svæsna lungnabólgu og gekk illa að ná mér. En læknar mínir fullyrtu, að mér væri óhætt að verða í kjöri. Að ráði þeirra leitaði ég til útlanda og fékk þar þá heilsubót, sem læknarnir höfðu spáð mér.

Þetta er í annað skipti, sem ég hefi hlotið kosningu sem forseti án atkvæðagreiðslu. Og frá stofnun Lýðveldisins hefur sami maðurinn verið forseti og verður enn. Ég bendi ekki á þetta út af persónulegum ástæðum. En það er enginn vafi á því, að þessar tvennar forsetakosningar án atkvæðagreiðslu auka álit íslensku þjóðarinnar út á við. Mér finnst ástæða til að fagna því.

Þetta er ekki hugarburður einn eða óskahugsun. Sem dæmi skal ég nefna, að er ég var kosinn forseti án atkvæðagreiðslu fyrir fjórum árum, varð ég var við það á ýmsan hátt, að þetta vakti athygli erlendra manna. Góður kunningi minn erlendis sagði mér þá, að menn í hans landi, sem töldu sig fylgjast nokkuð með málum vor Íslendinga, hefðu spáð því um það bil sem lýðveldið var stofnað, að eins og hér væri högum háttáð, myndu Íslendingar ekki nógu þroskaðir til þess að halda uppi lýðveldi. Það mundi meðal annars svo mikill órói og kapp um forsetakosningar, er almennir kjósendur ættu að kjósa hann. Og ekki kæmi til mála, að nokkur maður fengi að vera í því sæti nema eitt kjörtímabil – í hæsta lagi. Er sami maðurinn var endurkjörinn án atkvæðagreiðslu við fyrstu kosningu allrar þjóðarinnar, þögnuðu margar þessara radda. Sumar þeirra sögðu jafnvel, að svo virtist sem Íslendingar ættu meiri stjórnmalaproska en búast hefði mátt við.

Annar kunningi minn úr öðru landi sagði við mig nú nýverið, að Íslendingar væru hagsýnni en margir héldu. Í sumum löndum kostuðu forsetakosningar offjár. „Þjóðin er margbúin að spara forsetasetrið á Bessastöðum með því að kjósa forseta tvisvar án atkvæðagreiðslu,“ sagði hann.

Þetta minnir mig á samtali við merkan stjórnmalamann á Norðurlöndum fyrir mörgum árum. Hann hélt því fram að frá þjóðarhagssjónarmiði væri ódýrara að hafa arfgengan konungdóm en lýðveldi með forsetakosningu á stuttu árabili. Hann átti einmitt við þetta sama: Kosningar eru dýrar beint og óbeint.

Hvað er framundan? Þetta er spurning, sem margir meðal flestra þjóða bera fram svo að segja daglega. Enginn veit með neinni vissu um framtíðina, um framtíð sína og um framtíð þjóðar sinnar.

En það er sumt, sem gerst hefir síðan lýðveldið var stofnað, sem gefur nokkra hugmynd um hvert stefnir hjá oss í nánustu framtíð.

Það er orðið ljóst, að vér Íslendingar óskum af einlægum hug að eiga sem mesta samvinnu við bræðraþjóðir vorar á Norðurlöndum. Sú samvinna hefir aldrei verið meiri en nú, enda hefir samgöngutæknin fært oss nær þeim en nokkru sinni fyrr. Vér kunnum vel við oss í þeim félagsskap, og ég hygg, að vér séum velkomnir þar. Með þrjátíu ára reynslu að baki um þekkingu á mikilvægi þessarar samvinnu, hygg ég mér óhætt að fullyrða, að hér er um miklu meira verðmæti að ræða en það sem sumir vantrúaðir álíta.

Vér Íslendingar höfum nú skipað oss ákveðið í hóp þeirra lýðræðisþjóða, sem hafa líkar hugmyndir og vér um ágæti þess, að æðsta valdið sé í höndum þjóðarinnar sjálfar, en ekki í höndum eins eða fárra einræðisherra. Það er tekið vel eftir þessu víða um heim. Og það er og verður í framtíðinni mikill styrkur fyrir oss. Nú hneigjast hugir margra merkra stjórnámálanna að nánara samstarfi milli þjóða Norðurálfunnar. – Eftir rúma viku hefjast fundir svonefnds Norðurálfuráðs í Strassburg. Þar mun lagður grundvöllur að slíku nánara samstarfi. Vér Íslendingar erum ekki ennþá í þeim hópi. En ég er þess fullviss, að vér munum boðnir velkomnir í hópinn, hvenær sem vér óskum þess.

Ég er nýkominn heim eftir tveggja mánaða dvöl í Bretlandi. Þótt reynt sé, að fylgjast með því, sem gerist hjá nágrannaþjóðum vorum, er það samt svo, að er menn dvelja í landinu sjálfu, skýrist sumt betur en ef einungis er farið eftir því, sem lesa má í bókum og blöðum. Það hlýtur að vekja eftirtekt hve líkt stendur á með Bretum og raunar fleiri þjóðum, og með oss Íslendingum. Erfiðleikarnir, sem glíma þarf við eru að ýmsu leyti þeir sömu þótt mælikvarðinn verði annar vegna stærðarinnar og ýmissa örðugleika annars eðlis. Bretar eiga við mjög alvarlegan gjaldeyrisskort að etja (dollaraskort). Þeir reyna að framleiða sem mest til útflutnings, en vantar markaði, sem gefi dollara, m.a. vegna þess hve framleiðslan er dýr og verð hennar hátt. Þeir verða að takmarka innflutning sinn. Þeir verða að takmarka hvers konar fjárfestingu. Sem dæmi skal ég nefna, að einn kunningi minn í London býr í húsi, sem ekkert hefir verið gert við í 11 ár, málning á gluggum og hurðum snjád, pappír hangir í flygsum á veggjunum o.s.frv. Þetta er fjórða árið, sem hann hefir sótt um leyfi til viðgerðar og viðhalds, hann gerir sér von um að fá leyfið í haust. Skömmtun er þar á mörgum vörutegundum, þar á meðal matvöru. Með hverri máltíð fæst ekki meira smjör en sem samsvarar tveggja krónu peningi, eitt egg á viku á mann, tveir sykurmolar með kaffi eða tei, kjöt, annað en fuglakjöt, í eina máltíð á viku. Mjög strangt eftirlit er með verðlagi á ýmsum vörum. Menn kvarta mjög undan gífurlegum útgjöldum ríkisins og alltof háum sköttum og tollum, sem hefti mikið af framtaki einstaklingsins, geri alla framleiðslu dýrari og skapi dýrtíð fyrir einstaklingana.

Mig minnir, að ég hafi heyrt líkt þessu öllu í ræðu og riti um ástandið hér á landi. En reginmunur er á mörgu. Fyrir utan þær gífurlegu fúlgur sem ófriðurinn mikli kostaði Breta, þá fær maður mynd af því, hve mikið hann á eftir að kosta þá næstu áratugina, ef farið er um Lundúnaborg. Ég ók þar um miðbæinn (city), austurbæinn og bæjarhluta fyrir sunnan Thames með vel kunnugum manni. Þau svæði, þar sem byggingar hafa verið jafnaðar við jörðu, eru svo stór, að augljóst er, að það tekur áratugi að byggja allt upp aftur og mun kosta offjár. Ein gata í miðbænum, sem ég þekkti vel fyrir stríð (Cannon Street), er alveg þurrkuð út. En Bretinn bitur á jaxlinn

og segir, að þetta skuli allt gert og er ekkert hræddur við það, þótt vitað sé, að þjóðin þarf að leggja mjög hart að sér á næstu árum, eftir að hafa gert það í tíu ár.

Líkt hefir verið hugsað og er enn hugsað og framkvæmt með nágrannaþjóðum vorum, sem hart urðu úti í styrjöldinni, t.d. í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Hollandi og Belgíu, og einnig í Svíþjóð, þótt þar væri ekki styrjaldarvettvangur.

Vér Íslendingar ættum að standa vel að vígi. Vér höfum engan verulegan ófriðarkostnað, og hér var svo sem ekkert lagt í rústir, nema kannski heilbrigð hugsun ýmissa út af stríðsgróðavímunni. Og enn er fjárhagslíf vort ekki lagt í rústir. En hættan vofir yfir. Ég vil óska þess að, að íslenska þjóðin megi sýna oss sjálfum og öllum heiminum, að vér getum bjargað oss engu síður en nágrannaþjóðir vorar. Það er einlæg von mín, að á komandi fjórum árum komist í framkvæmd sú endurreisn, sem nú þarf. Að íslenska þjóðin við næstu kosningar, er fram eiga að fara á þessu fyrsta ári kjörtímabils míns, gefi þingi og stjórn nægilega skýrt umboð til þess að gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess að sigrast á örðugleikunum, þótt það komi hart við ýmsa og vér þurfum að slaka á lífsvenjum vorum á sama hátt, sem nágrannaþjóðirnar hafa gert og gera ennþá.

Með þessum óskum og vonum lýsi ég yfir því, að ég mun enn sem fyrr skoða starf mitt sem þjónustu, þjónustu við þjóðarheildina, þjónustu við ættjörðina. Ég bið guð að gefa mér heilsu og styrk, kjark og auðmýkt til þessa. Og framar öllu bið ég guð að halda almáttugri verndarhendi sinni hér eftir sem hingað til yfir íslensku þjóðinni og yfir fósturjörð vorri.